

7. september 2020

# Leikskólar

## Spurt og svarað um skólastarf á hættustigi vegna COVID-19

Byggt á auglýsingu heilbrigðisráðherra um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. [811/2020](#), og reglugerðar nr. [864/2020](#).

Ath. Leiðbeiningar þessar eiga einnig við um starf dagforeldra.

### 1. Hvaða sóttvarnarráðstafanir eru í gildi í leikskólum?

Leikskólar starfa með hefðbundnum hætti en þar eru eftirtaldar sóttvarnarráðstafanir í gildi:

Náandarregla er í gildi í skólastarfi og þurfa kennarar og starfsmenn að halda minnst 1 metra fjarlægð sín í milli. Sé ekki hægt að tryggja minnst 1 metra fjarlægð milli fullorðinna í skólastarfi er mælst til þess að fólki noti hlífðargrímur. Tryggja þarf rétta notkun grímunnar, sjá nánar í [leiðbeiningum landlæknis](#). Mikilvægt er að huga að samgangi kennara og starfsfólks og leitast við að takmarka blöndun þeirra, t.d. milli húsa og starfseininga, eins og kostur er.

Náandarregla og fjöldatakmarkanir eiga ekki við um börn og ungmenni sem fædd eru eftir 2005. Starfsfólk skóla og skólajónustu þarf því ekki að viðhafa fjarlægðarmörk milli sín og barna á leik- og grunnskólaaldri.

Allir fullorðnir verða að virða gildandi fjöldatakmarkanir, í minni rýmum takmarkar náandarregla fjölda þeirra sem þar mega koma saman.

Foreldrum og aðstandendum sem koma með börn inn í skólann ber að virða fjarlægðarmörk og halda minnst 1 metra fjarlægð frá öðrum foreldrum og starfsfólki. Þetta á einnig við um aðra sem koma inn í skólabyggingar, til þess að sinna t.d. viðhaldi húsnæðis eða afhenda vörur.

Sýna ber fyllstu tillitssemi og varkárni gagnvart nemendum, kennurum og starfsfólki í

**7. september 2020**

áhættuhópum.

Mælst er til þess að allir gæti vel að sínum einstaklingsbundnu sóttvörnum, með reglulegum handþvotti og sótthreinsun. Sótthreinsa skal sameiginlega snertifleti og fylgja viðmiðum [um þrif](#). Mikilvægt er að fylgja eftir þeim sóttvarnarleiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

## **2. Hvað gerist ef upp kemur smit í leikskóla?**

Viðbragðsáætlanir eiga að vera til staðar í öllum skólum. Leiðbeiningar þegar upp kemur smit eru að finna [hér](#).

## **3. Hvaða viðmið eru í gildi vegna heilsufars nemenda/starfsfólks s.s. vegna flensueinkenna?**

Leikskólabörn og starfsfólk leikskóla eiga ekki að mæta í skólann ef þau:

- a. Eru í sóttkví, einangrun eða bíða niðurstöðu sýnatöku.
- b. Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- c. Eru með flensueinkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.). Miðað er við að leikskólabörn og starfsfólk skuli vera hitalaus a.m.k. einn sólarhring áður en þau snúa aftur í skólann þegar um veikindi önnur en COVID-19 er að ræða.

Mikilvægt er að foreldrar leikskólabarna og starfsfólk í leikskólum hugi áfram vel að sóttvörnum og smithættu. Sjá hér leiðbeiningar um [vernd nemenda í leikskólum](#).

## **4. Við hvaða kringumstæður er nauðsynlegt að leikskólabörn fari í sýnatöku vegna COVID-19?**

## 7. september 2020

a) Ef grunur leikur á að barnið hafi komist í snertingu við COVID-19 smit, t.d. vegna umgengni við aðra sem eru með staðfest smit eða grun um slíkt, þarf barnið að fara í sýnatöku.

b) Ef barnið er með einkenni s.s. kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl. og aðrir í fjölskyldunni eða nánasta umhverfi þess eru það einnig er einnig nauðsynlegt að barnið fari í sýnatöku.

Sé enginn annar í fjölskyldu eða tengslaneti leikskólabarns með slík einkenni er það mat heilbrigðisstarfsfólks hverju sinni hvort barnið komi í sýnatöku.

### **5. Við hvaða kringumstæður er nauðsynlegt að börn í leikskóla fari í sóttkví?**

Börn þurfa að fara í sóttkví, samkvæmt leiðbeiningum heilbrigðisstarfsfólks eða smitrakningarteymis, ef þeir hafa verið í tengslum við aðra, óháð aldri þeirra, sem greindir hafa verið með smit eða grun um smit. Börn sem ekki hafa þroska til að halda fjarlægð frá öðru heimilisfólki sem er í sóttkví vegna útsetningar en barnið var ekki sjálft sett í sóttkví formlega, geta þurft að fara í sóttkví með öðru heimilisfólki.

### **6. Hvað eiga foreldrar að gera ef þeir eru í vafa um hvort barn megi mæta í leikskóla?**

Ef vafi er um hvort barn eigi að mæta í leikskóla, s.s. vegna einkenna eða veikinda af einhverju tagi, umgengni við smitaða eða ef barnið hefur dvalist erlendis, ætti barnið að vera heima þar til haft hefur verið samráð við heilsugæslu í síma eða gegnum vefinn heilsuvera.is eða við rakningateymi eftir atvikum, og ákvörðun tekin um hið gagnstæða.

### **7. Er takmarkað aðgengi að skólabyggingum leikskóla, s.s. fyrir foreldra/gesti/utanaðkomandi?**

Aðgengi að skólabyggingum er ekki takmarkað sé hægt að fylgja sóttvarnarráðstöfunum. Foreldrum/aðstandendum sem koma með börn í skólann ber að virða fjarlægðarmörk og halda **minnst 1 metra** fjarlægð frá öðrum foreldrum

## 7. september 2020

og starfsfólki. Þetta á einnig við um aðra sem koma inn í skólabyggingar, til þess að sinna t.d. viðhaldi húsnæðis eða afhenda vörur.

Ákvarðanir um nánari útfærslu er á ábyrgð sveitarstjórna og leikskólastjóra. Mikilvægt er að fylgja eftir þeim leiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

### **8. Þurfa foreldrar og gestir að spritta hendur sínar við komu í leikskólann?**

Mælst er til þess að foreldrar gæti áfram ítrustu varúðar og hreinlætis við komu í leikskólann af tillitssemi við börn og starfsmenn skólans. Nánari útfærsla þessa er í höndum leikskólastjóra.

### **9. Á að halda úti aukaprifum og sóttþreinsun þetta skólaár?**

Vegna sóttvarnarráðstafana er mikilvægt að halda áfram að huga mjög vel að hreinlæti. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur gefið út [viðmið um þrif](#).

### **10. Er í lagi að halda teymisfundi, starfsmanna- eða deildarfundi starfsfólks? Má starfsfólk af ólíkum deildum fara saman í pásur og kaffitíma?**

Já, en gæta skal að lágmarksfjarlægð um **minnst einn metra** á milli starfsfólks leikskóla og gildandi reglum um hámarksfjölda í hverju rými. Mikilvægt er að huga að samgangi kennara og starfsfólks og leitast við að takmarka blöndun þeirra, t.d. milli húsa og starfseininga, eins og kostur er. Þetta á ekki síst við um stærri skóla, og ef smit eru í algeng í nærsamfélagi skólans.

### **11. Er í lagi að halda viðburði innan leikskólans og fara með nemendur í ferðir út fyrir skólann?**

Já, en gæta skal að hægt sé að halda lágmarksfjarlægð um **minnst einn metra** á milli fólks og gildandi reglum um hámarksfjölda einstaklinga í hverju rými. Tryggja þarf góðar sóttvarnir, s.s. með aðgangi að hreinlætisaðstöðu til handþvotta og spritti.

7. september 2020

Jafnframt er minnt á að þrifa þarf skólabyggingar sérstaklega eftir slíka viðburði, sjá nánar [viðmið um þrif](#).

## 12. Þarf að tæma hólf barna daglega?

Það fer eftir í aðstæðum í hverjum leikskóla fyrir sig, t.d. varðandi aðgengi að hólfum og aðrar sóttvarnaráðstafanir. Skólastjórnendur taka ákvörðun um fyrirkomulag þessa.

## 13. Er leyfilegt að fá foreldra inn á deildir leikskóla þegar verið er að koma með börnin og sækja þau?

Mælst er til þess að foreldrar og aðstandendur komi sem minnst inn á deildir leikskólanna. Þegar komið er með börn eða þau sótt skulu foreldrar og aðstandendur virða reglu um **minnst 1 metra fjarlægð** sín í milli og við starfsfólk, sem og reglur um hámarksfjölda í hverju rými. Nánari útfærsla þessa er í höndum leikskólastjóra.

## 14. Má nota kennslugögn og leikföng milli deilda?

Já en gæta þarf að hreinlæti og sóttþreinsa búnað reglulega, sjá nánar í [leiðbeiningum um þrif](#).

## 15. Má taka inn nýja nemendur í aðlögun? Með hvaða skilyrðum þá?

Taka má inn nýja nemendur í aðlögun. Gæta þarf þó að fjölda foreldra hverju sinni. Viðvera foreldra sem dvelja inni á leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- eða mataraðstöðu í byggingunni og skulu þeir gæta að **minnst 1 metra** nálægðartakmörkun jafnt sín á milli og gagnvart starfsfólki. Aðeins eitt foreldri fylgi barni í aðlögun. Stjórnendum leikskóla er heimilt að krefja

**7. september 2020**

foreldra að nota andlitsgrímur í aðlögun. Mikilvægt er að fræða foreldra um smitvarnir í leikskólanum.